

Mánudaginn 10. janúar 1966.

Nr. 121/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Birnu Björnsdóttur

(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og
 Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og
 Theodór B. Lindal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæratriði máls þessa eru tvö: 1. Að ákærða hafi ekið bifreið laust eftir kl. 0100 aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963, þótt hún væri með áhrifum áfengis, og 2. Að hún hafi ekið bifreið um kl. 0230 aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964 undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens „fundust“ í blóði ákærðu, sem henni var tekið kl. 0137 aðfaranótt 13. september 1963, „reducerandi efni, er samsvara 0.61% af alkóhóli (0.50—0.73%)“.

Samkvæmt vottorði sömu stofnunar „fundust“ í blóði ákærðu, sem henni var tekið kl. 0312 aðfaranótt 19. janúar 1964, „reducerandi efni, er samsvara 0.66% af alkóhóli (0.59—0.73%)“.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin, lögreglumennirnir Björn Eysteinn Kristjánsson, Guðmundur Hermannsson, Grétar Sigurðsson Norðfjörð, Jón Þorgrímur Jóhannsson, Sigurjón Pálsson og Ólafur Guðmundsson mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Þá hefur saksóknari ríkisins þann 19. marz 1965 ritað próf. Jóni Steffensen og óskað upplýsinga um eftirgreind atriði:

„1. Hve mörg % vinandamagns í blóði manns þarf að draga frá því vinandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vinandamagn, sem staf-

ar af áfengisneyzlu og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?

2. Sé það svo, að vissar ‰ þurfi að draga frá samkvæmt 1. spurningu, frá hvaða tölu rannsóknarúrlausnarinna á þá að draga til þess að örugg úrlausn fáið, ef rannsókuð hafa verið fleiri en eitt sýnishorn, tekin í sama skipti, eða sýnishorn hefur verið skipt og hlutar þess rannsakaðir hver fyrir sig? Þarf þá að draga frá meðaltalinu eða frá þeirri lægstu ‰, sem fundizt hefur við rannsóknina?

3. Hvað teljið þér, þegar tekið hefur verið tillit til ákærðu í hag þeirra atriða, sem spurningar 1 og 2 fela í sér, að örugglega hafi verið mörg ‰ vinnanda í blóði ákærðu í þeim tilvikum, sem málið snýst um?“

Einnig sendi saksóknari ríkisins fyrirspurn til ríkisadvokaten í Osló með bréfi, dags. 22. marz 1965, um hvaða reglur gildi í Noregi um eftirfarandi atriði:

„1. Hve mörg ‰ vinnandamagns í blóði manns þarf að draga frá því vinnandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós, til þess að örugglega sé fundið það vinnandamagn, sem stafar af áfengisneyzlu, og sé þá m. a. tekið tillit til venjulegrar mælingarskekkju?

2. Sé það svo, að vissar ‰ þurfti að draga frá samkvæmt 1. spurningu, frá hvaða tölu rannsóknarúrlausnar á þá að draga, til þess að örugg úrlausn fáið, ef rannsókuð hafa verið fleiri en eitt sýnishorn, tekin í sama skipti, eða sýnishorni hefur verið skipt og hlutar þess rannsakaðir hver fyrir sig. Þarf þá að draga frá meðaltalinu eða frá þeirri lægstu ‰, sem fundizt hefur við rannsóknina?“

Ríkisadvokaten í Osló lagði fyrirspurn þessa fyrir Lyf-fræðistofnunina við Oslóarháskóla. Svar stofnunarinnar, dags. 22. marz 1965, er á þessa leið í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„1. Á grundvelli mikilla reynslugagna eru öryggismörk 0.10‰ dregin frá, þegar um tæknilega gott rannsóknar-efni er að ræða, þar sem dreifingin milli hinna þriggja samtíma rannsóknarviðfangsefna í hverju hinna tveggja blóðsýnishorna liggur innan takmarka venjulegra dreif-

ingssviða og munurinn milli meðaltals blóðsýnishornanna er í samræmi við áfengisbrunann á þeim tíma, sem liðinn er milli hinna tveggja blóðsýnishorna, það er að segja liggur innan eðlilegs „variationssviðs“, þegar um slíkan mismun er að ræða. Þegar um er að ræða miður gott rannsóknarefni frá tæknilegu sjónarmiði, miðast svarið við hvert einstakt tilvik.

2. Öryggismörkin 0.10% eru dregin frá hæsta meðaltali fyrir rannsóknarsettin, sem þýðir, að næstum alltaf sé um fyrra rannsóknarsett að ræða (þegar gengið er út frá tæknilega góðu rannsóknarefni. Tæknilega lélegt efni er farið með í hverju einstöku tilviki).“

Prófessor Jón Steffensen svaraði fyrirspurn saksóknara með bréfi, dags. 15. apríl 1965, en þar segir svo:

„Svar við 1. spurningu: Ef um heilbrigðan mann er að ræða, þarf að draga 0.10% frá útkomunni, sem rannsóknarstofan lætur í té, og er meðaltal tveggja mælinga á sama blóðsýnishorni til þess að tryggja það, að vínanda-magnið í blóðinu hafi ekki verið minna en sem svari þeirri tölu, er þá fæst.

Svar við 2. spurningu: 0.10% eiga að dragast frá meðaltalsútkomunni.

Svar við 3. spurningu: Svar við þessari spurningu felst í svörunum við 1. og 2. spurningu, þ.e.a.s. í blóðsýnishorni nr. 389 0.51% og í nr. 30 0.56% af vínanda, sé um heilbrigða manneskju að ræða.

Að lokum vil ég taka þetta fram: Það er verið að tryggja hag sakbornings með því að draga 0.10% frá fundnu magni reducerandi efna í blóðinu, því raunverulega eru jafnmikl- ar líkur fyrir því, að það gæti verið 0.10% hærra. Þegar tvær hliðstæðar mælingar eru gerðar, eru þær báðar jafn réttháar, og það er að brjóta í bág við allar reglur tölfræð- innar að gefa annarri mælingunni fullan rétt, en taka ekkert tillit til hinnar. Með því að miða eingöngu við lægri mæ- linguna, er ekki verið að tryggja hag sakbornins, heldur er verið að veita honum réttindi, sem honum ekki ber.“

Með bréfi, dags. 20. apríl 1965, lagði saksóknari ríkisins

málið fyrir Læknaráð þann veg, að beiðzt var svars við eftirfarandi spurningu: Fellst Læknaráð á svör Jóns Steffenssens prófessors í bréfi hans, dagsettu 15. apríl 1965, eða telur það önnur svör réttari og þá hver? Í ályktun Læknaráðs, dags. 5. nóvember 1965, segir:

„Læknaráð fellst á svör prófessors Jóns Steffensen í bréfi hans, dags. 15. apríl 1965, að öðru leyti en því, að erfitt er að setja „örugg“ mörk um líffræðilegar mælingar.“

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 17. desember 1965 var málið af nýju lagt fyrir Læknaráð þann veg, að óskað var umsagnar, hvort tekið væri tillit til „annarra reducerandi efna í blóðinu“, auk hugsanlegrar mælingarskekkju, þegar öryggismörkin 0.10% eru ákveðin til frádráttar því vinnandamagni, sem rannsókn leiðir í ljós. Í ályktun Læknaráðs, dags. 27. desember 1965, segir:

„Í bréfi próf. Jóns Steffensen, dags. 15. apríl 1965, og ályktun Læknaráðs frá 5. nóvember 1965 var einungis átt við hugsanlega mælingarskekkju, en ekki tekið tillit til „eðlilegra“ reducerandi efna blóðsins, er numið geta 0.03%, sbr. læknaráðsúrskurð nr. 6/1960.“

Þegar litið er til framangreindra læknisfræðilegra gagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærðu í framangreint skipti, 13. september 1963, hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Að svo vöxnu máli og þar sem eigi er samkvæmt öðrum gögnum leitt í ljós, að ákærða hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur þann, sem þetta ákæruatriði fjallar um, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu ákærðu af I. ákærulið. Hins vegar þykir fram komin lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærðu þann 19. janúar 1964 hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaganna. Ákærða hefur fyrir dómi jatað að hafa ekið bifreið í þetta skipti. Með þessu atferli hefur ákærða gerzt brotleg gegn 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954.

Refsing sú, sem ákærða hefur unnið til, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaganna og 45. gr. áfengislaganna hæfilega

ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna að staðfesta ákvæði héraðsdóms um öku-
leyfissviptingu ákærðu.

Rétt þykir eftir framangreindum úrslitum að leggja sakar-
kostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að hálfu á ákærðu
og að hálfu á ríkissjóð, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1961. Fjár-
hæð sú, sem ákærðu ber að greiða sem saksóknarlaun fyrir
Hæstarétti til ríkissjóðs, er ákveðin kr. 5000.00. Laun verj-
anda ákærðu fyrir Hæstarétti eru ákveðin kr. 10.000.00,
og ber ákærðu samkvæmt framansögðu að greiða þau að
hálfu.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Björnsdóttir, greiði 2000 króna sekt
í ríkissjóð, og komi varðhald 6 daga í stað sektar, verði
hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.
Hún er svipt ökuleyfi 2 mánuði.

Ákærða greiði saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til
ríkisjóðs, kr. 5000.00. Allan annan sakarkostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda
ákærðu fyrir Hæstarétti, Rannveigar Þorsteinsdóttur
hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiði ákærða að
hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 12. marz, var á dómþingi sakadóms
Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Krist-
inssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1667
/1964: Ákærvaldið gegn Birnu Björnsdóttur, sem tekið var til
dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. febrúar 1964, höfðað
gegn ákærðu, Birnu Björnsdóttur húsfreyju, Kaplaskjólsvogi 37,

Reykjavík, fyrir að hafa tvívegis undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 10290 í Reykjavík:

- I. Laust eftir kl. 0100 aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963 nokkurn spöl eftir Skipholti áleiðis heim til sín, unz lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærðu.
- II. Um kl. 0230 aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964 frá húsi við Nóatún, unz akstur ákærðu var stöðvaður í Skipholti.

Brot ákærðu teljast varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða er fædd 30. janúar 1913 í Neskaupstað. Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærða hvorki sætt ákæru né refsingu. Málsatvik eru þessi:

I.

Aðfaranótt föstudagsins 13. september 1963, klukkan rösklega 0100, stöðvaði lögreglan ákærðu við akstur bifreiðarinnar R 10290 í Skipholti. Virtist lögreglu ákærða bera þess merki, að hún hefði neytt áfengis.

Ákærða hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 10290 smáspöl um Skipholt og áleiðis heim til sín greint sinn. Hún kvaðst hafa bragðað áfengi síðdegis deginum fyrr, en játaði ekki að hafa fundið til áhrifa áfengis við nefndan akstur.

Í blóðsýnishorni, sem tekið var úr ákærðu, reyndust vera „reducerandi“ efni, sem samsvara 0.61‰ af alkóhóli.

Gegn neitun ákærðu og með hliðsjón af alkóhólrannsókn og skekkju þeirri, sem orðið getur á slíkum mælingum, og eðlilegu magni „reducerandi“ efna, annarra en áfengis í blóði manna, verður ekki talið, að ákæruvald hafi fært fram nægar sannanir fyrir því, að ákærða hafi gerzt sek um háttsemi þá, sem hún er sökuð um í ákæru tölulíði I, og verður hún því sýknuð af slíku broti.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 19. janúar 1964, klukkan um 0230, stöðvaði lögreglan ákærðu við akstur bifreiðarinnar R 10290 í Skipholti hér í borg. Í öndunarsýni ákærðu var jákvæð samsvörun alkóhóls 2. stigs.

Ákærða hefur fyrir dómi játað að hafa ekið bifreiðinni R 10290 skamman spöl um Nóatún og Skipholt greint sinn, enda þótt hún hefði áður neytt lítils háttar áfengis. Ekki taldi hún sig hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærðu, sem sýndi „reducerandi“ efni, er samsvara 0.66% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin framburði ákærðu um áfengisneyzlu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærða hafi í skilningi umferðarlaga nr. 26/1958 ekki getað stjórnað ökutæki örugglega, þá er hún var stöðvuð við akstur hinn 19. janúar s.l. Varðar þetta brot ákærðu við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og þykir refsing hennar samkvæmt 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga þykir rétt að svipta ákærðu ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða helming alls sakarkostnaðar, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærða, Birna Björnsdóttir, greiði 1.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða er svipt ökuréttindum í 2 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði helming alls sakarkostnaðar, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.